

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

117. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn föstudaginn 12. júlí árið 2023. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 9:30.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Hreiðar Oddsson (HO), Anna Guðrún Jóhannesdóttir (AGJ). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár:

1. Vinnuskýrsluform – Málsnr. 2307015SA

Samningsaðilar hafa sameiginlega unnið að gerð vinnuskýrsluforms sem inniheldur öll atriði samkvæmt ákvæðum kjarasamnings ásamt öðrum atriðum sem auðveldar stjórnendum og kennurum að halda utan um skipulag vinnuskila kennara.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að gefa formið út undir heitinu „Vinnuskýrsla 1. útgáfa 2023“. Vinnuskýrsluformið er verkfæri samningsaðila sem stjórnendur og kennarar geta nýtt eftir atvikum sér að kostnaðarlausu. Ekki er skylt skv. kjarasamningi eða ákvörðun samningsaðila að nota formið sé annað ákveðið.

Minnt er á að samkvæmt grein 2.5.5. er stjórnendum skylt að gera vinnuskýrslu í upphafi skólaárs sem greinir frá skipulagningu vikulegrar vinnuskyldu kennara á komandi skólaári.

2. Greiðsla yfirvinnu í langtímaveikindum – Málsnr. 2307016SA

Kí hefur fyrir hönd kennara óskað eftir uppgjöri á vangeiddri yfirvinnu kennara í langtímaveikindum. Sveitarfélagið þar sem kennarinn starfar óskar eftir afstöðu samstarfsnefndar til þess hvort í langtímaveikindum eigi að greiða:

a) meðaltal af yfirvinnu síðustu 9 eða 12 mánaða og ef veikindi vara á milli skólaára þá falli vinnuskýrsla úr gildi og aðeins séu þá greidd grunnlaun og ofan á þau meðaltal af yfirvinnu samkvæmt vinnustund síðustu 9 eða 12 mánuði eða

b) samkvæmt gildandi vinnuskýrslu og að yfirvinna samkvæmt henni sé þá greidd áfram á nýju skólaári ef veikindi vara á milli skólaára

Niðurstaða:

Málið rætt. Aðilar eru sammála um leita eftir frekari upplýsingum til sveitarfélagsins um framkvæmd á b lið samkvæmt ofangreindu.

3. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 10:55.